

21. nóvember 2013.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar  
Laufey Jóhannsdóttir

Hafnarstjóri Faxaflóahafna sf.  
Gísli Gíslason


Málefni  
Rekstur Vatnsveitfélags Hvalfjarðarsveitar.

Framkvæmdir á vegum Vatnsveitufélagsins vegna dælubúnaðar og lagna sem unnið hefur verið að í samræmi við samning við Elkem frá nóv. 2012 um dælingu, er nú á lokastigi og unnið er að tengingum við veituna og eru þá prufanir og úttektir eftir. Stefnt er að því að ljúka þessu á árinu, en þó hefur verið ákveðið í samráði við fulltrúa Elkem að fresta tengingum við Elkem verksmiðjuna til næsta vors.

Á stjórnarfundum í Vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar 15. nóv. sl. var ákveðið að kynna fyrir fulltrúum eigenda Vatnsveitufélagsins rekstraráætlun næstu ára. Þessi rekstraráætlun gerir ráð fyrir að leggja þurfi félaginu til rekstrarfé á næstu 7 árum sem nemur 11 milljónum króna. Þessi kynning hefur farið fram. Farið var jafnframt yfir forsendur áætlunarinnar.

Á grundvelli þessarar áætlunar og þeirrar undirbúningsvinnu og framkvæmda sem unnið hefur verið að undanfarin misseri áformar Vatnsveitufélagið að hefja vatnssölu frá og með 1. janúar 2014. Vatnsveitan verður heildsöluveita sem selur eftir mæli til notenda með samsvarandi verðskrá og hjá þekktum sambærilegum aðilum.

Virðingarfyllst.  
f.h. stjórnar Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar.



Guðmundur Eiríksson